

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 6. desember 2017
Mnr. 2016110023



ÍSAFJARÐARBÆR

Gjaldtaka í strætó

Vegna fundargerðar íþróttá- og tómstundanefndar frá 6. desember 2017 er mikilvægt að útskýra tillögu nefndarinnar vegna gjaldtöku í strætó. Um er að ræða misskilning sem hefur verið leiðréttur.

Á öðrum fundi ungmennaráðs, þann 5. desember, var unnið að endurskoðun íþróttá- og tómstundastefnu Ísafjarðarbæjar. Fram kom á fundinum að börn sem lokið hafa grunnskóla þurfi að greiða í strætó,

Íþróttá- og tómstundanefnd vann að endurskoðun íþróttá- og tómstundastefnu á fundi sínum, þann 6. desember, og við yfirferð á athugasemdum ungmennaráðs var ákveðið að gera tillögu að því að öll börn fengju frítt í strætó.

Í ljós hefur komið að um er að ræða misskilning sem nú hefur verið leiðréttur, frítt er fyrir öll börn í strætó samkvæmt samningi Ísafjarðarbæjar og þjónustuaðila.

MH